

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skógarbraut 945
235 Keflavíkurlflugvöllur

Reykjavík, 20. september 2019
UST201907-242/A.B.
10.04.01

Efni: Breyting - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008 - 2024

Vísað er til erindis Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja er barst 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna breytingar á svæðisskipulagi Suðurnesja 2008 – 2024.

Í erindi kemur fram að áætlaðar breytingar felast í breyttri afmörkun á vatnsverndarsvæði í Reykjanesbæ, uppfærðu flugbrautarkerfi Keflavíkurlflugvallar og uppfærðu vatnsverndarkorti fyrir Suðurnesin.

Grunnvatn

Í greinargerð kemur fram að Reykjanesbær hefur áætlað að svæðið fyrir sunnan Fitja verði fyrir þrífalega starfsemi s.s. netþjónabú og gagnaver. Breytingin gengur því út á að fjarsvæði vatnsverndar á Njarðvíkurheiði minnki og mörk þess liggja sunnan Fitja og Pattersonvallar. Auk þess kemur fram að afmarka á nýtt vatnsból og grannsvæði hliðrað til í Sveitarfélaginu Vogum, sunnan Reykjanesbrautar. Breytt afmörkun á vatnsverndarsvæði byggir að fullu á tillögu ÍSOR, Vatnsverndarsvæðið við Pattersonvöll í Reykjanesbæ (2016).

Auk þess gengur breytingin út á að flugbrautarkerfi Keflavíkurlflugvallar verði breytt.

Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnshlotið Rosmhvalanes nr. 104-115-2-G sem Keflavíkurlflugvöllur nær til er metið í hættu skv. reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Stofnunin minnir á að skv. reglugerð 535/2011 skulu grunnvatnshlot uppfylla kröfur um gott efnafræðilegt ástand. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um áhrif breytingartillögunar á grunnvatnsholtið sem tillagan nær til og sett skilyrði um vöktun í starfsleyfum sem gefin eru út af viðkomandi stjórnvöldum fyrir þau fyrirtækja sem áhrif geta haft á grunnvatnshlotið.

Í umhverfisskýrslu er fjallað um áhrif tillögunnar á grunnvatn og Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns er nr. 797/1999.

Hljóðvist

Í tillögunni kemur fram að breytingin gengur út á að breyta flugbrautarkerfi Keflavíkurflugvallar til samræmis við staðfest aðalskipulag Keflavíkurflugvallar og að við það hliðrast hindrunarfletir vegna flugumferðar um brautina.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að tilfærsla á NV/SA braut lendar hluti íbúðabyggðar á Ásbrú innan 55 dB(A) hljóðlínu og við jaðar athafnasvæðis á Ásbrú norður mælist hávaði á bilinu 55 dB(A) – 60 dB(A). Umhverfisstofnun tekur undir að með N/S braut opnast möguleiki á að dreifa flugumferð á tvær brautir og með því móti mun hluti flugumferðar færast fjar þéttbýli við Ásbrú og Reykjanesbæ, með jákvæðum áhrifum fyrir þéttbýlið hvað varðar hljóðvist. Aftur á móti mun þessi breyting hafa áhrif til verri vegar fyrir þéttbýlið í Garði, þó hljóðstig verði innan leyfilegra marka 55dB(A).

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rákel Kristjánsdóttir
sérfræðingur